

Samantekt

Tómas H. Heiðar, varaformaður samningahóps um sjávarútvegsmál í aðildarviðræðum við ESB, hélt erindi um Ísland og sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB. Hann gerði grein fyrir meginatriðum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar og tók fram að ESB hefði fullar valdheimildir á þeim sviðum sem falla undir stefnuna. Hann bar saman markmið fiskveiðistjórnunar á Íslandi og innan ESB og sagði nokkurn samhljóm vera með þeim þótt ólíkar leiðir hefðu verið farnar til að reyna að ná markmiðunum.

Tómas útskýrði mikla sérstöðu Íslands í sjávarútvegsmálum sem kallaði á sérlausnir í aðildarviðræðum við ESB. Hann gerði grein fyrir helstu áherslum og fyrirvörum Íslands á þessu sviði sem byggð eru á álitni meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis. Þar væri m.a. lögð áhersla á að Ísland héldi forræði yfir sjávarauðlindinni með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. Það fæli í sér forræði á stjórn veiða innan efnahagslögsögunnar á grundvelli ráðgjafar íslenskra vísindamanna. Raunhæf leið til að tryggja slíkt forræði væri að lögsagan yrði skilgreind sem sérstakt íslenskt fiskveiðistjórnunarsvæði. Hann gat um hugsanleg fordæmi sem gætu nýst í röksemdafærslu fyrir slíkum sérlausnum.

Tómas gerði einnig grein fyrir rýnifundum með ESB þar sem löggjöf Íslands og ESB á sviði sjávarútvegs hefði verið borin saman. Þar hefði kristallast að reglur ESB stangast í veigamiklum atriðum á við íslenskar reglur um sama efni. Fyrirvarar Íslands eru því almennir og lúta að grundvallaratriðum.

Tómas sagði að ef vel tækist til gæti endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB fært fiskveiðistjórnun sambandsins nær fiskveiðistjórnun á Íslandi en nú væri. Ekki væri hins vegar raunhæft að endurskoðunin leysti sérmál Íslands og einnig væri ljóst að sjávarútvegsstefnan myndi áfram lúta reglulegum breytingum í framtíðinni sem Ísland hefði ekki stjórn á. Því þyrfti að kveða á um sérstakar lausnir fyrir Ísland í aðildarsamningi.

Þá gerði Tómas grein fyrir stöðu aðildarferlisins og næstu skrefum í sjávarútvegsmálunum. Rýnivinnunni væri lokið og nú væri beðið eftir skýrslu frá ESB um niðurstöður þeirrar vinnu. Síðan tæki við útfærsla og kynning á samningsafstöðu Íslands, samþykkt sameiginlegrar afstöðu ESB-ríkjanna, opnun samningskaflans um sjávarútvegsmál af hálfu ESB og loks eiginlegar samningaviðræður.

Að lokum fjallaði Tómas um hvalveiðar sem eru hluti af íslenskum sjávarútvegi en falla hins vegar ekki undir sjávarútvegsstefnu ESB heldur umhverfislöggjöf sambandsins. Hann sagði sambærilega rýnivinnu hafa farið fram um umhverfismál og sjávarútvegsmál og þar hefði verið staðfestur grundvallarmunur á stefnu og löggjöf Íslands og ESB varðandi hvalveiðar. Ísland legði áherslu á réttinn til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins og hefði gefið til kynna að nýting sjávarspendýra væri á meðal þeirra mála taka þyrfti til sérstakrar umfjöllunar í aðildarviðræðunum við ESB.